

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar (Hjálmi, KHG, DrH, GuðjG, JBjart, EOK).

- Við bætist ný grein sem verði 2. gr., svohljóðandi:
 - mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Innheimta skal verðskerðingargjald af verði hrossakjöts og nautgripakjöts til framleiðenda. Verðskerðingargjaldið skal vera 2% af framleiðendaverði hrossakjöts. Af nautgripakjöti skal gjaldið vera 800 kr. á alla slátraða gripi sem flokkast í UN og K gæðaflokka. Auk þess verði 400 kr. lagðar á hvern sláturgrip í framangreindum gæðaflokkum á tímabilinu frá 1. september til 31. desember ár hvert.
- Við 2. gr. 3. efnismgr. orðist svo:

Allir sauðfjárframleiðendur skulu taka þátt í útflutningi eða sæta útflutningsuppgjöri vegna útflutningskvaðar fyrir sama hlutfall af framleiðslu sinni að undanskildu því magni sem framleiðandi tekur til eigin nota samkvæmt heimild í reglugerð. Undanþegnir útflutningsuppgjöri eru þó þeir framleiðendur sem hafa 0,7 vetrarfóðraðar kindur eða minna á hvert ærgildi greiðslumarks enda liggi fyrir fullnægjandi staðfesting um ásetning. Eru þeir þá skuldbundnir til að leggja aðeins inn afurðir þess fjár. Þetta hlutfall skal taka breytingum í samræmi við breytingar á sölu kindakjöts á innlendum markaði reiknað frá 7.000 tonna árlegri sölu. Þá getur landbúnaðarráðherra ákveðið að fenginni tillögu Bændasamtaka Íslands að kjöt af sauðfé sem slátrað er á ákveðnum tímabilum utan haustsláturtíðar verði undanþegið útflutningsuppgjöri.
- Við 8. gr. 2. efnismgr. orðist svo:

Jöfnunargreiðslur reiknast þannig að greidd verður jöfnun, að hámarki 100 kr. á kíló á greiðslugrunn, sem reiknast á eftirfarandi hátt: Finna skal það meðalinnlegg dilkakjöts tveggja ára af árunum 1997, 1998 og 1999 sem er umfram 18,2 kg á hvert ærgildi lögbylísins eins og það var skráð við hver áramót þar á undan. Reikna skal 30% álag á framleiðslu júní- og júlímánaða og 12% álag á framleiðslu ágústmánaða. Sala líflamba vegna fjárskipta skal talin til framleiðslu. Sama gildir um eigin ásetning líflamba vegna uppbyggingar bústofns eftir fjárleysi.
- Við 9. gr.
 - Orðin „samkvæmt reglum sem landbúnaðarráðherra setur í reglugerð“ í 1. másl. falli brott.
 3. másl. falli brott.
- Við 10. gr. Orðið „álagsgreiðslur“ falli brott.
- Við bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo:

Landbúnaðarráðherra skal leggja fyrir Alþingi eigi síðar en 1. febrúar 2002 frumvarp til laga um breytingu á IX. kafla laganna með nánari ákvæðum um álagsgreiðslur vegna gæðastýringar.